

Tillaga:

Að Kópavogsbær hefji viðræður við Mennta- og barnamálaráðuneytið, Menntaskólann í Kópavogi og Breiðablik um að skoða kosti þess að flytja Menntaskólann í Kópavogi í Smáran.

Greinargerð:

Í ljósi þarfa Menntaskólans í Kópavogi eftir nýju íþróttahúsi og jafnframt vegna umræðu um valkostagreiningu á legu annarrar lotu Borgarlínu í Kópavogi frá Hamraborg að Smáralind þá teljum við í Viðreisn að ákjóslegt sé að hefja viðræður milli Kópavogsbæjar, Mennta- og barnamálaráðuneytið, Menntaskólann í Kópavogi og Breiðablik um að skoða kosti þess flytja Menntaskólann í Kópavogi í Smáran.

Samkvæmt valkostagreiningu á legu annarrar lotu Borgarlínu í Kópavogi þá er eindregin niðurstaða verkefnastofur Borgarlínu að sá valkostur sé mun skynsamari að lota 2 liggi eftir Hafnafjarðarvegi og Fífuhvamsvegi heldur en um Digranesveg. Helstu gallar þeirrar niðurstöðu lúta að tengingum við MK.

Borgarlínan er mikilvægt hryggjarstykki í hágæða almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu öllu. Hún mun tengja hverfi höfuðborgarsvæðisins saman með tíðum ferðum og er drifkraftur í átt að kolefnishlutlausu borgarsamfélagi. Borgarlínan er raunhæfur valkostur þeirra sem kjósa vistvænan samgöngumáta gegnum net almenningssamgangna auk hjóla og göngustíga. Í kringum Borgarlínuna munu byggjast upp ný og sjálfbær hverfi.

Mikil tækifæri eru fólgin í því að teikna upp nýjan Menntaskóla í Kópavogi í Smáranum þar sem hægt verður að taka næstu skref í að þróa starfsemi skólans. Hvort sem um er að ræða almennt nám, iðnnám, hótél- og matvælanám, nám í Leiðsöguskólanum eða tækifæri í að þróa enn frekar verknám og afrekssvið fyrir metnaðarfullt íþróttarfolk.

Ósk okkar er að farið verði í hugmyndasamkeppni um íþrótt- og útivistarsvæði í Kópavogsdal, m.a með aðstöðu fyrir frjálssar íþróttir í huga, að Kópavogsvöllur verði gerður að alþjóðlegum knattspyrnuvelli sem uppfyllir leyfiskerfi evrópska knattspyrnusambandsins og annari þróun á íþróttasvæðinu. Að Borgarlínan verði teiknuð upp fyrir svæðið, möguleika á að koma fyrir framtíðartækifærum fyrir Menntaskólann í Kópavogi, námsmannaíbúðum og annari uppbyggingu í samráði við íbúa og félögin.

Með færslu Menntaskólans í Kópavogi opnast sá möguleiki að flytja Kópavogsskóla í húsnaði Menntaskólans í Kópavogi.